Starfsþjálfun í viðskiptafræði
Hugrekki, sjálfstraust og virk þátttaka nemenda

Höfundur og flytjandi: Dr. Ásta Dís Óladóttir, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Hvernig getur háskólanám búið nemendur undir síbreytilegan vinnumarkað og um leið eflt sjálfstæði þeirra, hugrekki og faglega sjálfsmynd? Í erindinu verður fjallað um starfsþjálfun í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands sem námsleið þar sem nemendur tengja fræðilega þekkingu við raunveruleg viðfangsefni og fá svigrúm til að læra með virkri þátttöku. Starfsþjálfun er valnámskeið í grunn- og meistaranámi og fer fram hjá fyrirtækjum og stofnunum undir handleiðslu reyndra sérfræðinga. Nemendur setja sér náms- og starfsmarkmið og ígrunda í lokaskýrslu hvernig námið nýttist, hvaða hæfni þeir öðluðust og hvernig mætti bæta námið og umgjörð starfsþjálfunarinnar. Í erindinu verður kynnt hvernig handbók fyrir nemendur afmarkar hlutverk og ábyrgð þátttakenda og styður við markmiðasetningu, leiðsögn og mat á námi.

Með dæmum úr lokaskýrslum nemenda verður varpað ljósi á ávinning og áskoranir þessa námsfyrirkomulags. Nemendur lýsa auknu sjálfstrausti, sterkari samskiptafærni og betri skilningi á því hvernig fræðileg þekking nýtist í starfi. Þeir kynnast stafrænum verkfærum, takast á við ókunn verkefni og þróa sjálfstæð vinnubrögð. Starfsþjálfunin getur jafnframt skýrt áhugasvið og framtíðarsýn, einnig þegar nemendur átta sig á að tiltekinn starfsvettvangur henti þeim ekki. Frásagnirnar sýna þó að ávinningurinn ræðst af umgjörðinni. Skýr verkefni, aðgengileg leiðsögn og regluleg eftirfylgni skipta máli, ásamt svigrúmi til að samræma starfsþjálfun, annað nám og launaða vinnu.

Erindið tengist þema ráðstefnunnar með áherslu á mannlega þáttinn í undirbúningi fyrir breytt starfsumhverfi. Rætt verður hvernig samstarf háskóla og vinnustaða getur skapað styðjandi námsumhverfi þar sem nemendur þora að spyrja, prófa og taka ábyrgð. Jafnframt verður skoðað hvernig ígrundun og ábendingar nemenda geta nýst við þróun kennslu og náms. Þannig verður starfsþjálfun vettvangur bæði fyrir hæfniþróun nemenda og samtal um hlutverk háskólamenntunar í breyttum heimi.

Bestu kveðjur

Ásta Dís Óladóttir
Forseti Viðskiptafræðideildar
Head of Faculty, School of Business

Viðskiptafræðideild / School of Business
Háskóli Íslands / University of Iceland
Gimli, Sæmundargötu 2